

<b>Brunamálastofnun</b>	Skjal nr.	VLR 4
<b>VERKLAGSREGLA VLR 4</b>	Útgáfa	04
<b>Vægi athugasemda vegna skoðunar virkja og öryggisstjórnunarkerfis rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva</b>	Dags.	01.01.10
	Bls.	1 af 2

## **VLR 4. Vægi athugasemda vegna skoðunar virkja og öryggisstjórnunarkerfis rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva**

### **1. Tilgangur.**

Að tryggja að ábyrgðarmönnum rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva sé kunnugt um hvaða vægi athugasemdir sem gerðar eru við virki, og öryggisstjórnunarkerfi þeirra hafa og hvernig þær eru flokkaðar.

### **2. Ábyrgð.**

Ábyrgðarmenn rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva bera ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

### **3. Framkvæmd**

Flokkun athugasemda gagnvart öryggi og áhættu er sem hér segir:

1. flokkur: Krafa um lagfæringar er án tímamarka, ef ekki er talin stafa hætta af raforkuvirkinu, m.a. vegna þess að frágangur, efni eða búnaður er ekki samkvæmt reglum og/eða öryggisstjórnunarkerfi er áfátt.
2. flokkur: Krefjast skal lagfæringar innan ákveðinna tímamarka, ef talið er að snertihætta eða brunahætta geti stafað af raforkuvirkinu, m.a. vegna þess að frágangur, efni eða búnaður er ekki samkvæmt reglum, eða búnað vantar og/eða öryggisstjórnunarkerfi er ekki samkvæmt reglum.
3. flokkur: Krefjast skal tafarlausra lagfæringa þar sem mikil hætta er talin stafa af raforkuvirkinu, og/eða miklir ágallar eru á öryggisstjórnunarkerfi.

Athugasemdir við lágspennuvirki eru flokkaðar skv. VLR14. Athugasemdir við háspennt raforkuvirki og öryggisstjórnunarkerfi, sjá kröfur í VLR1, eru flokkaðar með hliðsjón af dæmum í reglum Brunamálastofnunar um skoðun raforkuvirkja: Flokkun athugasemda.

Frestur til lagfæringa er sem hér segir:

1. Í 1. flokki er krafa um lagfæringar án ákveðinna tímamarka.
2. Í 2. flokki: er gefinn þriggja mánaða frestur til lagfæringa á athugasemdum sem gerðar eru við öryggisstjórnunarkerfi og ný virki. Sami frestur er gefinn til að leggja fram áætlun til úrbóta (framkvæmdaáætlun) á athugasemdum sem gerðar eru við virki í rekstri, lagfæringar eru án tímamarka.
3. Krafist er lagfæringa tafarlaust sé þess kostur en eigi síðar en innan 1 mánaðar. Skoðunarstofa tilkynnir Brunamálastofnun tafarlaust um ástand raforkuvirkjanna og

<b>Brunamálastofnun</b>  <b>VERKLAGSREGLA VLR 4</b>  <b>Vægi athugasemda vegna skoðunar virkja og  öryggisstjórnunarkerfis rafveitna, iðjuvera og  einkarafstöðva</b>	Skjal nr.	VLR 4
	Útgáfa	04
	Dags.	01.01.10
	Bls.	2 af 2

öryggisstjórnunarkerfis. Brunamálastofnun kveður upp úrskurð um framhald málsins (aftengingu virkis o.þ.h.).

Þær aðstæður geta verið að veita þurfi lengri frest. Brunamálastofnun getur ákveðið lengri frest, ef hún telur ástæðu til.

#### 4. Tilvísanir

- VLR 1, Öryggisstjórnun rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva.
- VLR 14, Vægi athugasemda vegna skoðunar neysluveitna og öryggisstjórnunarkerfis rafverktaka.
- Skoðunarreglur Brunamálastofnunar.

#### Eyðublöð

- BST 3.200

#### 5. Breytingasaga

25.02.02 Útgáfa 03. Grein 3.1, mgr. 6, listi bls 1-6 felldur út. Kafli 3, síðustu tvær mgr.

01.01.2010. Útgáfa 04. Neytendastofu breytt í Brunamálastofnun.